



## Fundargerð

**482. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð, mánudaginn 21. nóvember 2022, kl. 13:00.**

### Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson, Karl Antonsson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Jóhannes Gissurarson, oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### Fundargerðir til samþykktar

1. 2211013 - 81. fundur íprótta- og tómstundanefndar

*Fundargerð frá 81. fundi íprótta- og tómstundanefndar, sem haldinn var þann 3. nóvember 2022.*

*Fundarefni lagt fyrir sveitarstjórn til staðfestingar og/eða kynningar.*

Tekinn var fyrir liður 1. a í fundargerð, opnunartími ípróttamiðstöðvar. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun íprótta- og tómstundanefndar, vegna opnunartíma ípróttamiðstöðvar, vetraropnun verður, mánudaga til föstudaga 7.00 til 20.00, helgaropnun, laugardaga og sunnudaga 10.00 til 18.00. Gildir þessi opnunartími frá og með 1. janúar 2023. Sveitarstjórn hvetur nefndina að fylgjast vel með þróun á aðsókn að ípróttamiðstöðunni miðað við breytingar á opnunartíma.

Tekinn var fyrir liður 1. b í fundargerð, útleiga á tækjasal. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að auglýst verði eftir rekstraraðila vegna tækjasalar í þróttmiðstöð. Sveitarstjóra er falið að vinna málið áfram.

Tekinn var fyrir liður 2. a í fundargerð, íprótta- og æskulýðsfulltrúi. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun nefndarinnar vegna stöðu íprótta- og æskulýðsfulltrúa. Kostnaður sveitarfélagsins er áætlaður um 8 milljónir á árinu 2023. Sveitarstjóra falið að ganga frá málinu að öðru leiti.

2. 2211007 - Félagsmálanefnd 4 fundur 20. október 2022

*Fyrir fundinum liggur fundargerð 4. fundar félagsmálanefndar, sem haldinn var þann 20. október 2022.*

Sveitarstjórn tekur til umfjöllunar, drög af reglum um sérstakan húsnæðisstuðning. Sveitarstjórn staðfestir samhljóða fyrirbyggjandi reglur.

BHS  
J.G.  
Shj.  
Gís  
A.G.



### Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

Fundargögn í þessum lið verða ekki birt með fundargerð.

3. 2211012 - Niðurstaða útboðs, vegna snjómoksturs

*Útboð fór fram á vegum Skaftárhrepps vegna snjómoksturs á tengivegum og í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri*

Fyrir fundinum liggja niðurstöður vegna útboðs á snjómokstri. Náði útboðið til snjómoksturs á eftirfarandi þremum svæðum: Síða austan Klausturs, Vallarvegur, Snjómokstur á Kirkjubæjarklaustri.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að hafna öllum innkomnum tilboðum í þessa verkþætti, vegna formgalla. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

Björn Helgi Snorrason, vék af fundi undir þessum lið

4. 2211011 - Lokun leikskóla á milli jóla- og nýárs

*Fyrir fundinum liggur tillaga um að leikskólanum Kærabæ verði lokað á milli jóla og nýárs.*

Sveitarstjórn, frestar ákvörðun vegna málsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela leikskólastjóra, að gera rafræna könnun, fyrir 1. desember næstkomandi, á meðal foreldra- og forráðamanna barna á leikskólanum hvort þessi lokun henti þeim. Sveitarstjórn mun taka afstöðu til málsins eftir að niðurstaða könnunar liggur fyrir.

Auður Guðbjörnsdóttir, vék af fundi undir þessum lið.

5. 2211010 - Umsókn um stofnframlag til HMS

*Fyrir fundinum liggur tillaga um að Skaftárhreppur, sækir um stofnframlag til HMS til að byggja allt að 2 íbúðum.*

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, þá umsókn sem send var til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS), vegna stofnframlags-umsóknar, þann 16. október síðast liðinn til bygginga allt að tveim íbúðaeiningum í raðhúsi.

6. 2211008 - Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi, Selhólavegur 2

*Erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett, 25. október 2022, vegna umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis á Selhólavegi 2. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-C minna gistiheimili.*

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

BHS  
J.G.  
Sh.  
G.P.S.  
AG  
1429



## 7. 2211006 - Nýtt örnefni í Skaftárhreppi

*Fyrir fundinum liggur bréf frá Gunnari Guðmundssyni, Snævarri Guðmundssyni og Leifi Erni Svavarssyni, þar sem þeir leggja fram tillögu að örnefni á áður nafnlausan fjallstind í Vatnajökli.*

**Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, fyrir sitt leiti tillögu af nýju örnefni á fjallstindi á Vatnajökli, en vísar erindinum til ákvörðunartöku, nafnfræðisviðs, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.**

## 8. 2211003 - Faghópur um ferðamál

*Fyrir fundinum liggur erindi frá Markaðsstofu Suðurlands, þar sem óskað er eftir nýjum fulltrúa í faghóp sveitarfélaganna á Suðurlandi um ferðamál.*

**Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fulltrúi Skaftárhrepps í faghópi sveitarfélaga á Suðurlandi um ferðamál verði Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.**

## 9. 2211002 - Lóðir á Kirkjubæjarklaustri 2022

*Fyrir fundinum liggur erindi frá Fjármála- og efnahagsráðuneyti, dagsett 17. nóvember 2022, vegna lóða- og húsnæðismála á Kirkjubæjarklaustri.*

**Sveitarstjórn, samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að bjóða Ríkiseignum land í Eintúnahálsi í makaskiptum fyrir land ríkisins á Kirkjubæjarklaustri, að öðru leiti er sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.**

**Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að gera Ríkiseignum, gagntilboð í fasteignina Skriðuvelli 11, að upphæð 35.350.000 kr. en tilboð Ríkiseigna var 53.000.000 kr.**

## Mál til kynningar

## 10. 2211009 - Áætlun ársins 2023

*Fyrir fundinum liggur drög af fjárhagsáætlun Bergrisans fyrir árið 2023 og kostnaðarskipting á milli aðildarsveitarfélaga.*

**Lagt fram til kynningar.**

## Skýrsla sveitarstjóra

## 11. 2211014 - Skýrsla sveitarstjóra 482 fundur

**Sveitarstjóri gerði grein fyrir störfum sínum.**

BHS  
J.G.  
Skj.  
GPS AG.



Fundi slitið kl. 15:47.

  
Jóhannes Gissurarson

  
Björn Helgi Snorrason

  
Gunnar Pétur Sigmarsson

  
Auður Guðbjörnsdóttir

  
Sveinn Hreiðar Jensson